

Ár 2018, mánudaginn 24. september, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Presti Ríkharðssyni, Sigurði Inga Halldórssyni og Gunnari Guðmundssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 8/2018:

Knattspyrnudeild Gróttu („Grótt“)
gegn
Knattspyrnudeild Breiðabliks („Breiðablik“)

Gögn málsins merkt nr. 1-5 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Knattspyrnudeild Gróttu kt. 500192-2679
Íþróttamiðstöð Seltjarnaness v/Suðurströnd
170 Seltjarnarnes
Fyrirsvarsmaður: Halldór Árnason

Kærði:

Knattspyrnudeild Breiðabliks kt. 410284-1389
Dalsmára 5
201 Kópavogi
Fyrirsvarsmaður: Eysteinn Pétur Lárusson

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 3. september sl. Ákveðið var að gefa kærða frest til að skila greinargerð til þriðjudagsins 11. september 2018. Kærði hélt ekki uppi vörnum í málinu.

II.

Kröfur:

Kærandi krefst þess að úrslitum í leik Gróttu og Breiðabliks 2 í C-deild 2. flokks í Íslandsmóti karla, sem fram fór á Vivaldivelli þann 28.08.2018 verði breytt og Gróttu úrskurðaður sigur 3-0.

III.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málavöxtum svo að í leik Gróttu og Breiðabliks 2 í C-deild 2. flokks í Íslandsmóti karla, sem fram fór þann 28.08.2018 hafi Breiðablik teft fram ólöglegu liði. Nánar tiltekið hafi í byrjunarliði Breiðabliks verið leikmaður sem hafi jafnframt leikið síðasta leik með A-liði Breiðabliks í A-deild Íslandsmóts karla í 2. flokki.

Samkvæmt framlögðum leikskýrslum liggur fyrir að umræddur leikmaður lék með A-liði Breiðabliks í A-deild Íslandsmóts karla þann 17.08.2018, sem var síðasti leikur A-liðs Breiðabliks í umræddum flokki áður en kom að leik Gróttu og Breiðabliks þann 28.08.2018.

IV.

Niðurstaða:

Í máli þessu er kært vegna leiks þar sem því er haldið fram að hið kærða félag Breiðablik 2 hafi verið ólöglega skipað í leik liðsins gegn Gróttu þann 28.08.2018 sem fram fór í Íslandsmóti 2. flokks karla í C-deild. Eins og fram kemur í leikskýrslu vegna hins kærða leiks er fallist á það að leikmaður Breiðabliks hafi ekki mátt taka þátt í leiknum, sbr. ákvæði í grein 25.1.5., sbr. og grein 25.1.7, í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Með vísan til ofanritaðs er því fallist á dómkröfur kæranda, Gróttu, í máli þessu og í samræmi við ákvæði í grein 40.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót er úrslitum í leik Gróttu og Breiðabliks 2, sem fram fór á Vivaldivelli þann 28.08.2018 í Íslandsmóti 2. flokks karla í C-deild breytt og Gróttu úrskurðaður 3-0 sigur í leiknum.

Skýlt er samkvæmt grein 40.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót að dæma kærða til greiðslu sektar samhliða viðurlögum við þessu broti og skal kærði greiða kr. 5.000,- í sekt til KSÍ.

V.

Úrskurðarorð:

Úrslitum í leik Gróttu gegn Breiðablik 2, sem fram fór þann 28.08.2018 í Íslandsmóti 2. flokks karla í C-deild er breytt og Gróttu úrskurðaður 3-0 sigur í leiknum. Kærði, Breiðablik, greiði kr. 5.000,- í sekt til KSÍ.

Um Áfrýjun:

Samkvæmt grein 17.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Þröstur Ríkharðsson [sign]

Sigurður Ingi Halldórsson [sign]

Gunnar Guðmundsson [sign]